

Deiliskipulag-Reykjadalur

Lýsing á skipulagsverkefni

VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Fyrirhugað er að deiliskipuleggja Reykjadalinn í landi Ölfuss. Deiliskipulagið mun gera grein fyrir stígum, áningarstöðum, reiðleiðum og hverfisvernd innan deiliskipulagsvæðisins. Horft verði til þess hvernig styrkja má Reykjadal í Ölfusi sem útivistarsvæði og hvernig hægt verði að tryggja að núverandi gönguleið inn Reykjadal þoli núverandi og aukna umferð um dalinn, hvort sem um er að ræða, gangandi, hjólandi eða ríðandi vegfarendur. Í deiliskipulaginu verður greint frá hvernig hægt er að bæta núverandi stíg og baðaðstöðu, hvar má koma fyrir upplýsingaskiltum, merkingu gönguleiða, nýjum áningarstöðum og hestagerði. Í deiliskipulaginu verður greint frá því hvar taka má efni til lagfæringar og úrbóta á stígerfi svæðisins. Hvaða gönguleiðir verða opnar og hverjar verða lokaðar.

SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið nær frá Hengladalsá meðfram gönguleiðinni í Rjúpnabrekkum að bílastæði sem staðsett er við Klambragil. Skipulagssvæðið er alls 310 ha. Lægsti punktur, sem er 90 metra h.y.s. er við Hengladalsána en Reykjadalurinn liggur í um 240 metra h.y.s.

Víða má finna jarðhita á yfirborði svæðisins, jafnt vatns- og leirhveri. Reykjadalssáin rennur niður Reykjadalinn en í hana blandast heitt vatn frá hverum í Klambardal og úr Djúpagili. Á mörgum stöðum er hægt að baða sig í ánni.

Landslagið á svæðinu er mótað af roföflum þar sem laus jarðlög þekja sléttlendi en fjallshlíðar eru nokkuð vel grónar og hvergi skriðurunnar nema þar sem þykk hraunlög eru í brúnum eða fjöllin eingöngu úr bólstrabergi. Rafmagnslínur og rústir fjallaskálans í Dalaskarði eru þau mannvirki sem finna má í Reykjadalnum.


Gróðurfar á svæðinu einkennist af allvel grónum dalbotni með tiltölulega samfelldu votlendi. Graslendi er algengt þar sem jarðvegur er þurr neðarlega í hlíðum og á flatlendi. Á hryggjum og þar sem jarðvegur er lítill er mosagróður og mólendi með skertri gróðurþekju áberandi.

Alls hafa 12-14 fuglategundir verið skráðar sem varpfuglar í Reykjadal, s.s. álft, stökkönd, straumönd, fálki, rjúpa, heiðlóða, hrossagaukur, þúfutittlingur, steindepill, snjótittlingur, hrafn, spói og fýll.

Smádýralíf er nokkuð auðugt en hafa þar fundist um 125 tegundir smádýra. Engar háhitategundir eru þar á meðal.

Ríkjandi vindáttir á svæðinu eru norðan- og sunnanáttir og meðalársúrkoma er um 1635 mm.

Reykjadalurinn er hluti af háhitasvæði Hengilsins og því má finna í Reykjadal flest þau fyrirbæri sem þar koma fyrir. Þar má sjá gufuhveri, leirhveri, kolsýruhveri, heita jörð með gufuaugum, hverhrúður og hreinar náttúrulegar.



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðis.

FORSENDUR

Núverandi nýting

Skilgreind landnotkun í Reykjadal samkvæmt Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 er afréttir, beitarsvæði og útivistarsvæði. Skilgreindar eru göngu- og reiðleiðir í aðalskipulaginu sem sýndar eru til skýringar. Orkuveita Reykjavíkur hefur einnig gefið út gönguleiðakort þar sem merktar eru inn gönguleiðir um Hengilssvæðið og er gönguleiðin í Reykjadal þar á meðal. Gönguleiðin um Reykjadal er hluti af stikuðu gönguleiðaneti um Hengilssvæðið.

Fjölbreyttur hópur notenda fer um Reykjadalinn allt árið um kring, allt frá hestamönnum, hjólríðafólki, göngufólki. Flestir sem heimsækja svæðið eru einstaklingar í dagsferðum, annaðhvort á eigin vegum eða í skipulögðum ferðum ferðaþjónustufyrirtækja. Dagsferðir um Reykjadal eru í boði hjá fjölmörgum fyrirtækjum.

FORNMINJAR

Engar friðlýstar fornminjar eru innan deiliskipulagssvæðisins.

NÁTTÚRUMINJAR

Hengilssvæðið er á náttúruminjaskrá en um það segir.

„Hengilssvæðið (752). (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orrustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti. Svæðið er einnig í Grímsnes- og Grafningshreppi.“

Í aðalskipulagi Ölfus eru Reykjadalur og Grændalur skilgreindir sem hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja.

„Grændalur og Reykjadalur liggja upp af Hveragerði. Grændalur sem er því sem næst ósnortinn lokast til norðurs og er Ölkelduháls norðvestan hans. Landslag svæðisins einkennist af jarðhita og það er mikilvægt fyrir rannsóknir og fræðslu. Einkennandi eru heitar lækjarsytrur sem eru sér-stæðar á landsvísu, enda hafa þær mikið að segja um lífríki hveranna.“

Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

- a. Hefðbundnar nýttjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um tak-mörkun eða stjórn beitar á svæðinu.
- b. Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Stefnt er að endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
- c. Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

d. Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.

STAÐA SKIPULAGS

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Reykjadal. Í gildi fyrir svæðið er Aðalskipulag Ölfus 2010-2022 sem staðfest var 21. september 2012.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir því að á svæðinu verði óbyggt svæði sem hugsað er til almennrar útivistar í bland við vernd.

Landnotkunarflokkar í Reykjadal

Óbyggt svæði: Megináhersla lögð á að óbyggt svæði nýtist sem útivistarsvæði

Náttúruverndarsvæði: Hengilssvæðis (752) er á náttúruminjakrá vegna landslags og jarðhita.

Hverfisverndarsvæði: Grændalur og Reykjadalur eru skilgreindir sem hverfisverndarsvæði og gilda þar hverfisverndarákvæði.

Göngu- og reiðleiðir: Ein göngu- og reiðleið er skilgreind í gegnum Reykjadalinn.

Verslun og þjónusta: V5-Dalskarð. Gönguskáli var á staðnum, heimilt er að endurbyggja skála til þjónustu fyrir göngufólk á Hengilssvæðinu.

UMHVERFISMAT

Ekkert bendir til þess að deiliskipulagið muni fela í sér stefnu sem er háð umhverfismati skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Þó fellur svæðið undir þau svæði sem tilgreind eru í 3. viðauka reglugerðar 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum, s.s. er svæðið á náttúruminjaskrá. Þar eru sérstæðar jarðmyndanir. Svæðið hefur því lægri þolmörk gagnvart framkvæmdum. Komi fram hugmyndir, við áframhaldandi vinnslu deiliskipulagsins, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif verður unnið umhverfismat fyrir áætlunina í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

VERKLAG OG TÍMAÁÆTLUN

Landið er í eigu Landbúnaðarháskóla Íslands og íslenska ríkisins. Sveitarfélagið Ölfus fer með skipulagsvald á svæðinu og mun annast gerð deiliskipulagsins í samráði við landeigendur.

Verklag deiliskipulagsins miðar að því að það sé opið og unnið í nánú samstarfi við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Skipulagslýsing verður auglýst á Netinu og gerð aðgengileg íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Tillagan verður kynnt á opnum íbúafundi. Eftir íbúafund verður tillagan auglýst og gefst þá íbúum tækifæri að koma með skriflegar athugasemdir sem sveitarfélagið ber að svara.



	VIKA	KYNNING	SVEITARFÉLÖG	ALMENNINGUR
NOVEMBER	48	Lýsing deiliskipulags kynnt á netinu, þ.e. heimasíðu sveitarfélagsins Ölfus og aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfus.		Almenningi er gefin kostur á að koma með ábendingar varðandi skipulagslýsinguna.
DESEMBER	49	Almenn gögn um deiliskipulagið sett á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.	Skipulags-byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss vinnur drög að tillögu.	Gögn um deiliskipulags verða gerð aðgengileg á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss sem almenningur getur kynnt sér.
	50			
	51	Drög að tillögu birt á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.	Skipulags-byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss vinnur áfram með tillögunum.	
	52			
JANÚAR	1	Tillaga birt á heimasíðu sveitarfélagsins Ölfuss.	Skipulags-byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss vinnur lokatillögu.	
	2			
	3	Lokatilla kynnt fyrir almenningi á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss og einnig aðgengileg á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss.	Skipulags-byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss leggur til við sveitarstjórn að samþykkja lokatillögu.	
	4			
FEBRÚAR	5	Deiliskipulagstillaga auglýst skv. Skipulagslögum.	Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillögu.	Almenningur gefst færi á að koma með skriflegar athugasemdir.
	6			
	7			
	8			
MARS	9			
	10			
	11			
	12		Ef engar athugasemdir berast er tillagan samþykkt í sveitarstjórn, send til Skipulagsstofnunar og síðan auglýst í Stjórnartíðindum.	

KYNNING OG SAMRÁÐ

Samráð verður haft við Skipulagsstofnun aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni og um umfang og áherslur umhverfismats aðalskipulagsbreytingar, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir. Skipulagslýsing verður auglýst á Netinu og aðgengileg íbúum Sveitarfélagsins Ölfuss. Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma aðalskipulagsbreytingarinnar.

- Samráð verður haft við eigendur þeirra jarða sem framkvæmdin nær til.
- Samráð verður haft við Helbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Samráð verður haft við Umhverfisstofnun.
- Samráð verður haft við Fornleifavernd ríkisins.
- Samráð verður haft við hagsmunaaðila sem reka ferðaþjónustu á svæðinu.

Skipulagslýsing verður auglýst í blöðum og gefst íbúum kostur á að kynna sér fyrirhugaða breytingu.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áður talda aðila þá verður greint frá því í umhverfisskýrslu.



Heimildir